

6. gr.

Fyrsti framkvæmdastjóri kvikmyndasafnsins er stofnandi þess, Þorgeir Þorgeirsson, og annast hann daglegan rekstur þess.

7. gr.

Stjórn safnsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra tilnefndur af stofnanda safnsins og afkomendum eftir hans dag, en tveir tilnefndir af kvikmyndaklúbbnum.

Hlutverk stjórnar kvikmyndasafnsins er að hafa eftirlit með rekstri safnsins gæta þess, að hann sé í samræmi við reglur safnsins.

Stjórn safnsins yfirfer reikningsskil safnsins, sem gerð skulu af framkvæmdastjóra að loknu hverju almanaksári. Stjórnin sendi síðan reikninginn til endurskoðanda, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir fyrir 1. marz ár hvert.

8. gr.

Tekjur safnsins verða hluti af árgjöldum félaga í kvikmyndaklúbbnum, svo og frjáls framlög styrktaraðila.

9. gr.

Leggi opinber aðili fram fé til styrktar safninu til jafns við tekjur þess sbr. 8. gr. skal sá aðili tilnefna einn mann í stjórn, en kvikmyndaklúbburinn einn í stað tveggja.

10. gr.

Kvikmyndasýningar safnsins skulu fara fram í Litlabíói og er engum öðrum heimill aðgangur að þessu en félögum kvikmyndaklúbbsins, sem náð hafa 16 ára aldri.

11. gr.

Komi að því að starfsemi kvikmyndasafnsins falli niður, skal stjórn safnsins og framkvæmdastjóri ákveða hvaða aðila fela skuli varðveislu eigna þess að fengnu samþykki endurskoðanda þess, sem tilnefndur er af fjármálaráðuneytinu sbr. 7. gr.

12. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerð einróma af stjórn kvikmyndasafnsins.

Reykjavík, 16. maí 1968.

Þorgeir Þorgeirsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 127/1958, um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Sýna skal sauðfé og öðrum skepnum fyllstu nærgætni við smölun og rekstur, forðast ber að hundbeita það eða þreyta um nauðsyn fram.

Þegar sauðfé, svin eða kálfar eru flutt með bifreiðum, skal ávallt vera gæzlumaður bifreiðastjóra til aðstoðar við flutningana. Skal gæzlumaður fylgjast vel með gripunum og gæta þess, að sem bezt fari um þá og þeir verði fyrir sem minnstu hnjaski.

Bifreiðar þær, sem ætlaðar eru til sauðfjárflutninga, skal útbúa sérstaklega til þeirra nota. Pallgrindur skulu þéttar og sléttar og eigi undir 90 cm á hæð. Flutningspall skal hólfa sundur með traustum grindum í stíur, er rúmi eigi yfir 12 kindur. Dyraumbúnaður skal vera traustur og öruggur. Þegar um langan flutning er að ræða (yfir 50 km), skal flutningspallur hólfaður sundur í miðju að endilöngu, svo að engin stía nái yfir þveran flutningspall. Flutningspall eða stíur skal strá hæfilega miklum sandi eða heyi til þess að draga úr hálfu. Þegar sauðfé er flutt til slátrunar, skal leitazt við að nota grindur á bifreiðarpall til að draga úr hálfu og óhreindum. Grindur skulu þannig gerðar, að engin hætta sé á því, að fé festi fætur í þeim.

Þegar fáir gripir eru fluttir um skamman veg (undir 50 km) er þó heimilt að nota tengivagna til þeirra flutninga. Þeir skulu vera með láréttu gólfi og útbúnir á sama hátt og framan greinir.

Leitazt skal við að flytja fé á meðan dagsbirtu nýtur. Verði því ekki við komið, skal hafa ljós á bifreiðarpalli, svo að vel sjáist um allan pallinn, meðan á flutningi stendur.

Til þess að forðast hnjask, mar og meiðsli skal búa svo um, að unnt sé að reka búfé á flutningspall og af honum aftur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 21/1957, um dýravernd, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir heimilishjálp, samkvæmt reglugerð nr. 22/1962, svo og reglum, sem félagsmálaráð Reykjavíkurborgar setur þar um, skal greiða á dag kr. 250.00.

2. gr.

Hjálparstúlka, sem vinnur við heimilishjálp, skal fá endurgjaldslaust fæði á vinnustað. Enn fremur strætisvagnagjöld að og frá vinnustað.

Gjaldskrá þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 66 16. apríl 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.